

Vélsm. 
Árna Jóns ehf.

Tryggð við byggð
www.arnijon.is

Bæjarblaðið

JÖKULL

SNÆFELLSBÆ

234. tbl - 5. árg.

29. desember 2005




SPARISJÓÐUR ÓLAFSVÍKUR
- bakbjarl í byggð

Snæfellingum fjölgar

Samkvæmt þjóðskrá hinn 1. desember 2005 voru íbúar Íslands 299.404. Ári áður taldi þjóðin 293.291 og hefur landsmönnum því fjölgað um 2,1% á einu ári. Þetta er meiri fjölgun en verið hefur mörg undanfarin ár.

Samkvæmt bráðabirgðatölum Hagstofu Íslands voru íbúar í Snæfellsbæ 1743 þann 1. desember s.l. og hafa fjölgað um 26 á milli ára eða um 1,51%. Íbúum fjölga í öllum sveitarfélögum á Snæfellsnesi að Eyja- og Miklaholtshreppi undanskildum. Alls fjölga Snæfellingum um 96 á milli ára eða



2,35%. Til samanburðar má geta þess að á höfuðborgarsvæðinu fjölgaði íbúum um 1,7% og í Reykjavík var fjölga-

unin aðeins 0,9%

Hagstofa Íslands vekur athygli á því að senn fjölga íbúum hér á landi í 300.000.

Af þessu tilefni hefur verið komið upp mannfjöldaklukkum á vef Hagstofunnar þar sem landsmenn geta fylgst með áætluðum mannfjölda frá degi til dags og í gær miðvikudag voru landsmenn áætlaðir 299.830 svo að enn vantar 170 manns uppá að landsmenn verði 300.000 en það gæti orðið um mánaðarmótin janúar-febrúar.


Meðfylgjandi er mynd sem sýnir þróun fólksfjölda í Snæfellsbæ frá árinu 1996.

50% afsláttur

af völdum jólavörum, skrauti, kertum, serviettum, pappír og fl.

Aðeins í nokkra daga.

Verslunin Hrund
Grundarbraut 6a
Sími: 436 1165



Þvottahús & fatahreinsun
Grundargata 61
Grundarfirði
Sími: 438 6500
Gsm: 849 9552

Sölu- og verkefnastjóri óskast.

Snæpvottur ehf óskar eftir að ráða
Sölu- og verkefnastjóra til starfa.
Ráðið verður í starfið frá 2. janúar 2006

Starfið felur m.a. í sér.

Afla nýrra verkefna á ræstingasviði.
Selja vörur og varning frá verslun Besta
Söluferðir í fyrirtæki og stofnanir á Snæfellsnesi
Ráðgjöf til viðskiptavina er varðar ræstingu og notkun á efnum.

Allar upplýsingar gefur Stefán Geir
í síma 824-1450 eða 578-1450.

SJÓMANNADAGSBLAÐ

Snæfellsbæjar

Nokkrar bækur af innbundnum Sjómannadagsblöðum eru ennþá til. Tilvalin gjöf í fallegu bandi fyrir sjómenn við öll tækifæri og líka þá sem vilja fróðleik.

Einnig gott uppflettirit að eiga um borð í bátum.

Bækurnar fást í Bólkabúðinni Gimli Hellissandi og á skrifstofu VÍS í Ólafsvík.

Útgefandi

Samningur um vistvernd í verki



Bæjarstjórar Snæfellsbæjar, Grundarfjarðarbæjar og Stykkishólmsbæjar undirrituðu á dögunum samning við Landvernd um verkefnið vistvernd í verki. Markmið samningsins er að sveitarfélögin og Landvernd vinni

saman að fræðslu til að efla þátttöku almennings í aðgerðum til að vernda umhverfið, efla vitund um umhverfismál og félagslegt öryggi og stuðla að sjálfbærri þróun.



VÉLAMADUR ÓLAFSVÍK

Staða vélamanns hjá þjónustustöð Vegagerðinnar í Ólafsvík er laus til umsóknar. Laun skv. kjarasamningi Starfsgreinasambandsins og fjármálaráðherra.

Starfssvið

- Stjórn bifreiða og vinnuvéla
- Almenn verkamannastörf
- Ýmis verkefni sem tengjast viðhaldi bifreiða og véla

Menntunar- og hæfniskröfur

- Réttindi til að aka bifreið sem er meira en 3.500 kg að heildarþyngd og vinnuvélaréttindi
- Góðir samstarfshæfileikar

Vegagerðin er eftirsóknarverður vinnustaður sem hentar jafnt báðum kynjum.

Nánari upplýsingar veitir Björn Jónsson í síma 522 1571 eða Ásgeri M. Kristinsson í síma 522 1042.

Athugið að þetta var áður auglýst á Starfatorgi í nóvember s.l. og umsóknarfrestur hefur verið framlengdur til 9. janúar 2006.

Vinsamlegast sendið skriflegar umsóknir til Vegagerðarinnar Borgartún 5 og 7, 105 Reykjavík fyrir 9. janúar n.k. merkt: „**Starfsmannadeild**”

FLUGELDASALA

Í Mettubúð Ólafsvík

SÖLUDAGAR

28. des kl. 16:00 - 22:00

29. des kl. 16:00 - 22:00

30. des kl. 16:00 - 22:00

31. des kl. 10:00 - 16:00



LIONSKLÚBBUR ÓLAFSVÍKUR



BJÖRGUNARSVEITIN SÆBJÖRG



Á heimasíðu Fasteigna- og skipasölu Snæfellsness **fasteignsnae.is** er að finna upplýsingar um allar eignir á skrá hjá Fasteigna- og skipasölu Snæfellsness.

Pétur Kristinsson hdl.
löggitur- fasteigna- og skipasali sími 438-1199

Lions happdrætti

Lionsklúbbur Nesþinga og Lionsklúbbur Ólafsvíkur hafa haft það fyrir sið að hafa leikfangahappdrætti fyrir jólin. Happdrætti þessi eru vel sótt og mikil ánægja með þau hjá yngstu kynslóðinni. Á Hellissandi var dregið á Þorláksmessu í Röstinni og í Ólafsvík var dregið á Aðfangadagsmorgun í Klifi. Hjá Lionsklúbbi Ólafsvíkur var slegið nýtt sölumet og seld-

ust 1153 miðar af 1200 útgefnum. Ekki voru allir vinningar úr happdrættinu í Ólafsvík sóttir en þar sem að aðeins er dregið úr seldum miðum er vitað að einhver á þessa vinninga. Vinninganna er hægt að vitja í Steinprent og hér á eftir fylgja ósöttu númerin: 107 - 152 - 161 - 180 - 200 - 320 - 387 - 817 - 1114 - 1174

Bæjarblaðið



Blaðið er gefið út af Steinprent ehf. og dreift á hvert heimili í Snæfellsbæ. Blaðið kemur út vikulega.

Upplag: 800

Áb.maður: Jóhannes Ólafsson

Prentun: Steinprent ehf.
Sandholt 22a, Ólafsvík
355 Snæfellsbæ
Netfang: steinprent@simnet.is
Sími: 436 1617



Fiskiðjan Bylgja hf

Sími: 436 1291 · Netf. bylgja@bylgja.is

ÁRAMÓTA BRENNNA

Á Breiðinni að kvöldi 31. des kl. 20,30
Björgunarsveitirnar í Snæfellsbæ sjá um
stórkostlega flugeldasýningu.

(ef veður er vont er hægt að fara inn á www.snb.is
til að athuga hvort brennuni hafi verið frestað)

Ólafsvíkurkirkja

Gamlársdagur 31. desember.

Aftansöngur
kl. 16.00.

Komum saman kirkju til
í kærleika og þökk
og gengnu ári gerum skil
bæði glöð og klökk

Sóknarprestur



Heimsókn í kirkju



Börnin á leikskólanum Krílakoti fóru þann 19. desember s.l. í heimsókn í Ólafsvíkurkirkju og sér Magnús bauð þau velkomin, sagði sögur og fleira. Síðan

fóru börnin og starfsfólkið niður í safnaðarheimilið þar sem þau sköpuðu kaffihúsastemmingu með kakó og nýbökuðum vöfflum.



Óskum Snæfellingum gleðilegra jóla
og farsældar á komandi ári
með þökk fyrir viðskiptin á árinu.

Fim
Kl. 1

Lau
Kl. 1
Kl. 2



*Sparisjóður Ólafsvíkur sendir Snæfellingum öllum
bestu óskir um gleðilegt nýtt ár með þökkum
fyrir viðskiptin á liðnu ári.*



*3. janúar n.k. tekur Sparisjóður Ólafsvíkur
upp nýtt símanúmer 430-7000
og faxnúmer 430-7001*



SPARISJÓÐUR ÓLAFSVÍKUR
- bakhjarl í byggð